

33.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins 25.oktober 2012 og hófst kl. 20.00. Mætt: Guðjón, Sigurjón, Kári og Gry. Birgir og Hulda boðuðu forföll.

Þetta gerðist:

1. fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Endurskoðuð útgáfa afreksstefnu sambandsins samþykkt til formannafundar í nóvember. Ákveðið að birta árangursviðmið landsliðsnefndar á kraft.is
Aðgerð: Kári hreinritar afreksstefnuna. Gry sendir hana út með fundarboði til formanna og birtir viðmiðin á kraft.is.
3. Mótaskrá 2013 liggur fyrir.
Aðgerð: Kári fer yfir heiti móta. Gry birtir á kraft.is.
4. Sigurjón gerði grein fyrir stöðu mála hjá NPF. Fundur stjórnar verður haldinn í tengslum við Norðurlandamót unglunga í febrúar.
Aðgerð: Kári stofnar reikning fyrir fjármál NPF. Árgjöld 2013 verða rukkuð í tengslum við skráningu á Norðurlandamótið.
5. Norðurlandamót unglunga 2013.
Aðkallandi að tryggja keppnisstað strax. Ákveðið að kanna möguleikana á að kaupa keppnissett á góðu verði í tengslum við mótið.
Aðgerð: Guðjón og Sigurjón skoða húsnæði Vals og kanna hvaða tilboð EPF og Eleico bjóða á keppnissettum.
6. Guðjón upplýsti að keppnisvigtin hefur verið yfirfarin og löggilt og sýnir nú tvær aukatölur eins og reglur gera ráð fyrir.
7. Ákveðið að taka hæsta tilboðið í lyftingarsettið sem var auglýst til sölu, en það kom frá Kraftlyftingadeild Breiðabliks.
Aðgerð: Gry gengur frá málinu.
8. Ákveðið að styðja Gaston Parage í forsetakjöri IPF í nóvember. Sigurjón fer með atkvæði Íslands á alþjóðáþinginu.
9. Önnur mál
 - a. Sambandið tók þátt í minningargjöf til heiðurs Gísla Halldórssonar, heiðursforseta ÍSí.
 - b. Stjórnin biður útbreiðslunefnd að kanna hvers vegna dregist hefur að samþykkja lög kraftlyftingafélagsins á Ísafirði úr laganefnd ÍSí.
 - c. Stjórnin biður Gry að vera fulltrúi sambandsins á málþingi ÍSí um þátttöku kvenna í stjórnarstörfum innan íþróttahreyfingarinnar. Gry velur annan fulltrúa með sér.

Fundi slitið kl. 21.40

Fundarritari Gry Ek